



Kennsla í litfræði fyrir nokkrum árum. Greinarhöfundur leiðbeinir einum nemanda sínum. — Beinagrindin í forgrunninum hefur lengi verið innan veggja skólans sem mikilvægt kennslugagn og mun upprunalega hafa verið nokkuð heilleg, en mun nú endanlega hafa liðast í sundur í smáhluta. Hún mun eiga að vera af 16—17 ára stúlku að sögn fróðra t.d. Björns Th. Björnssonar (en þó ekki nemanda skólans). Beinagrindinni fylgdi merkileg náttúra sem ég uppgötvaði og rökstuddi, nefnilega, að þær stúlkur er ærsluðust óhóflega mikið í henni urðu fljótlega og óforvarandis ófrískar!

Bragi Ásgeirsson

Myndlista- og handíðaskóli Íslands



Félagslíf var oft og tíðum í miklum blóma á dögum Lúdvígs Guðmundssonar og Kurt Zier, en síðan var tekin önnur stefna og jafnvel hin eftirminnilegu vorferðalög lögðust niður til hags fyrir utanferðir eins bekkjar og voru það afleit skipti. Á efri myndinni sjást nemendur á Svínafellsjökli en á hinni neðri stjórnar Kurt Zier hópsöng kennara á árhátíð.



Vorið 1949 útskrifaðist stærsti handavinnukennarahópurinn úr Handíða- og myndlistarskólanum m.a. fyrsti kvennahópurinn. Á þessi fríði hópur því 30 ára kennaraafmæli um þessar mundir. Aftari röð: Anna Þorsteinsdóttir, Gerður Sigurðardóttir, Þorbjörg Eldjárn, Herborg Kristjánsdóttir, Indiana Guðlaugsdóttir, Hólmfríður Ingjaldsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Erna Kolbeins, Vigdís Pálsdóttir, Guðfinna Guðbrandsdóttir, Ólína Jónsdóttir, Soffía Þórarinsdóttir, Guðný Helgadóttir, Þórveig Sigurðardóttir, Ástrún Valdimarsdóttir. Í fremri röð má sjá kennarana Kurt Zier, Elinborgu Aðalbjarnardóttur, Sigríði Arnlaugsdóttur og Valgerði Briem.



Úr smíðakennaradeild útskrifuðust Gunnar Guðmundsson, Jóhannes Jónsson, Halldór Sigurðsson, Snorri Jónsson. Sitjandi Gunnar Klængsson kennari. Á myndina vantar Inga Rafn Baldvinsson. Árið 1951 sameinuðust handavinnukennaradeildirnar Kennaraskóla Íslands. Þótti það mikið áfall fyrir skólann og hefur vafalítið reynt ennþá meira áfall fyrir handavinnuennent á Íslandi því að slíkt nám þarf öðru fremur að fara fram í sérskóla listíða.